



Borgarráð

### **Heimild til útgáfu tímabundinna lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða**

Óskað er eftir að borgarráð heimili skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að framlengja tímabundið útrunna lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða samkvæmt því sem hér segir:

1. Heimild til framlengingar lóðarleigusamninga til loka árs 2028, á lóðum á svæðinu norðan við Dvergshöfða, merkt Höfðar-vestur-Miðsvæði, M4a samkvæmt aðalskipulagi.
2. Heimild til framlengingar lóðarleigusamninga til loka árs 2033, á lóðum á svæðinu sunnan við Dvergshöfða, merkt Höfðar-vestur-Miðsvæði, M4a samkvæmt aðalskipulagi.
3. Heimild til framlengingar lóðarleigusamninga til loka árs 2033, á svæðinu merkt Höfðar-vestur-Miðsvæði, M4b, samkvæmt aðalskipulagi.
4. Heimild til framlengingar lóðarleigusamninga til loka árs 2040, á svæðinu merkt Höfðar-vestur-Atvinnusvæði, AT1a samkvæmt aðalskipulagi.

Í öllum tilvikum er skilyrði fyrir framlengingu lóðarleigusamninga að núverandi starfsemi samræmist gildandi aðalskipulagi.

#### **Greinargerð:**

Á síðustu vikum og mánuðum hefur skrifstofu borgarstjóra og borgarritara borist beiðnir um endurnýjun útrunninna lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða. Núgildandi heimild til útgáfu tímabundinna lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða nær til 1. september 2024, sbr. samþykkt borgarráðs dags. 16. ágúst 2018. Talsverður fjöldi lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða er útrunninn eða rennur út á næstu tveimur árum. Vegna endurskoðunar deiliskipulags og nýtingu svæðisins er ekki tímabært að endurnýja lóðarleigusamninga með hefðbundnum hætti fyrr en vinnu við nýtt deiliskipulag er lokið. Óskað er því eftir að borgarráð heimili tímabundna framlengingu lóðarleigusamninga samkvæmt ofangreindu. Skilyrði er að starfsemi viðkomandi lóðar samræmist gildandi aðalskipulagi. Það leiðir til þess að ekki er óskað heimildar fyrir endurnýjun lóðarleigusamninga á íbúðasvæðum og opnum svæðum samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur á Ártúnshöfða. Við samþykkt framangreindrar endurnýjunar lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða fellur niður samþykkt borgarráðs dags. 16. ágúst 2018 til útgáfu lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða til allt að fimm ára.

Ívar Örn Ívarsson

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fylgiskjal:

1. Yfirlitsmynd 1 og 2 úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Yfirlitsmynd 1 – Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

*Höfðar-vestur-Miðsvæði, M4a.*

*Höfðar-vestur-Atvinnusvæði, AT1a.*



Yfirlitsmynd 2 – Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

*Höfðar-vestur-Miðsvæði, M4b.*

